

Mál nr. 67/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar smurverkstæðis (A)****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á vél í bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttekið 14.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Seint á árinu 2015 kveðst M hafa farið með bifreið sína (A), árgærð 1965, í smurþjónustu sem rekin er af fyrirtækinu B. Í júlí 2016 er hann hafi verið á leið til Reykjavíkur ofan af Kjalarnesi hafi hann heyrt óeðlileg hljóð í A og stöðvað hana. Lét hann flytja A til skoðunar á verkstæði D. Þar hafi komið í ljós að mótorolía hafi verið allt í kringum síuhús og vélín olíulaus. Mun vélín hafa verið úrbrædd. Forsvarsmaður D hafi komist að því að tveir þéttihringir hafi verið við olíusíu þar sem hún er fest við vélína, en einungis einn þéttihringur hafi átt að vera þar.

Með tölvupósti 19. september 2018 til B var óskað upplýsinga um þjónustusögu A hjá B. Samkvæmt tölvupósti frá B 26. september 2018 hafði einu sinni verið komið með A í smurþjónustu hjá B en ekki var unnt að finna nákvæma dagsetningu hvenær það hafi verið, en um hafi verið að ræða frekar einfalda aðgerð eða skipt um olíu og olíusíu.

M kveðst hafa keypt þjónustu af B sem er fagaðili og af þeim sökum hvíli á honum ströng ábyrgð sem m.a. leiði til þess að sönnunareglum sé beitt tjónþola í vil. Með bréfi 1. október 2018 var krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V vegna þess tjóns sem hafði orðið á vél A. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

M kveður tjón það sem varð á vél A mega rekja til vanrækslu starfsmanna B er skipt var um olíusíu í A seinni hluta árs 2015. Sönnunargögn um það sem kann að hafa valdið skemmdum í vélinni eru mjög takmörkuð. Það var fyrst í september 2018 sem M gerði reka að því að afla upplýsinga hjá B um þá smurþjónustu sem B átti að hafa veitt vegna A, auk þess sem formleg krafa um bætur úr ábyrgðartryggingu B hjá V virðist fyrst hafa verið gerð með bréfinu 1. október 2018. Í ljósi þess hve langur tími leið frá því að tjónið varð uns B var tilkynnt um tjónið og bótakrafa höfð uppi gagnvart V verður á grundvelli fyrirbyggjandi gagna ekki talið nægilega sannað að tjónið verði rakið til atvika sem B ber skaðabótaábyrgð á. Af þeim sökum á M heldur ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 19. mars 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.